

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 30. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af.

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um framangreint frumvarp, sbr. umsögn ráðsins dag. 14. apríl 2005. Álit ráðsins hefur ekki breyst á þeim tíma sem liðið hefur og er það enn mat ráðsins að ekki sé eðlilegt að álagninga- og skattskrár séu gerðar opinberar. Eins og kom fram í eldri skoðun ráðsins þá telur ráðið „óráveg frá þröngri heimild skattstjóra til upplýsingagjafar úr álagningaskrá til þeirrar viðamiklu dreifingar á skránni sem stunduð hefur verið undanfarin ár.“

Viðskiptaráð tekur undir þau rök greinargerðar frumvarpsins að birting álagningar- og skattskráa brjóti gegn stjórnarskrárvörðum rétti einstaklingsins til friðhelgi einkalífs.

Viðskiptaráð styður því ofangreint frumvarp og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs